



SAMNINGUR UM
LANDSMÓT HESTAMANNA 2028

Samningur um Landsmót hestamanna 2028

Landsmót hestamanna ehf. kt. 501100-2690 Engjavegi 6 í Reykjavík (hér eftir nefnt LM ehf), og Rangárbakkar ehf. kt. 691200-2130 (hér eftir nefnt mótshaldari), gera með sér samning um mótshald Landsmóts hestamanna 2028.

Mótið skal fara fram skv. lögum og reglum Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Öll aðstaða á mótssvæði skal vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í „landsmótsstaðli“ sem er fylgiskjal með samningi þessum.

1. gr.

Réttur til þess að halda landsmót

Með samningi þessum veitir LM ehf, félaginu Rangárbökkum ehf. rétt til þess að halda Landsmót hestamanna dagana 3. til 9. júlí 2028. Í þessu felst að félagið Rangárbakkar ehf. sér um og ber ábyrgð á rekstri Landsmóts.

Afgjald sem mótshaldari greiðir LM ehf fyrir réttinn er 8%, þó ekki hærrí fjárhæð en 7.000.000 kr., af andviðri seldra miða og skal uppgjör fara fram eigi síðar en 1. sept. 2028. Miðar skulu vera númeraðir og skal miðasala fara fram með viðurkenndum hætti sem aðilar hafa kynnt sér og eru sammála um.

Boðs- og frímiðar af hálfu mótshaldara eru að hámarki 500 og skulu merktir sérstaklega og koma ekki til útreiknings á afgjaldi. Boðs- og frímiðar umfram 500 koma til útreiknings á afgjaldi. Miða skal við forsöluverð á vikupössum. Mótshaldarar skulu halda utan um og skila upplýsingum um boðs- og frímiða til LM ehf.

LM ehf á rétt á 40 vikupössum án endurgjalds og skal skila inn upplýsingum til mótshaldara um hvernig þeim verður ráðstafað fyrir 15. júní á mótsári.

LM ehf hefur, án sérstakrar greiðslu, rétt á að bjóða styrktaraðilum LH, FHB og landsliðs Íslands í hestaíþróttum sýnileika á Landsmóttinu. Mun sá sýnileiki vera í formi tveggja fánaborga með fánum styrktaraðila sem LM ehf útvegar.

Mótshaldari fær afnot af eftirtöldum eignum LM ehf og LH endurgjaldslaust: rafmagnstenglum, dómhúsum, tímatökubúnaði, eigi síðar en 15. júní á mótsári, og tengingu sem miðlar upplýsingum úr Sportfeng á stóran skjá við keppnisvöll.

Mótshaldari fær afnot af léninu www.landsmot.is frá og með 1. september 2026 til 31. ágúst 2028 og stendur straum af öllum kostnaði sem til fellur vegna vefsins á þessu tímabili. Kostnaður sem fellur til vegna skráningakerfisins Sportfengs fellur á mótshaldara.

Mótshaldari afhendir LM ehf rekstraruppgjör LM2028 fyrir 1. janúar árið 2029. Einnig fær LM afhent afrit af skýrslum sem gerðar eru um mótið svo sem skýrslu framkvæmdarstjóra og öðrum skýrslum og rannsóknum sem gerðar verða um mótið fyrir 1. janúar 2029.

2. gr.

Fulltrúi LM ehf. í undirbúningsnefnd LM2028

LM ehf. tilnefnir einn fulltrúa í undirbúningsnefnd sem verður tengiliður LM ehf., LH og FHB við mótshaldara.

Handwritten signatures and initials:
Luis
SM

3. gr.
Dómgæsla

Dómaranefnd LH úthlutar dómurum í gæðinga- og íþróttakeppni á mótið, hugar að hæfi dómara til að dæma og skiptir út dómurum sé þörf á því. Eftirlitsdómari verður ráðinn af stjórn LH og skal hann vera með íþróttá- og gæðingadómararéttindi.

4. gr.
Sjónvarpsupptökur

Mótshaldari hefur einkarétt á sjónvarpsútsendingum og netstreymi frá LM2028 á meðan á móti stendur. LM ehf er á hinn bóginn eigandi að upptökum og hefur einkarétt á sýningum og sölu á myndefni, þremur mánuðum eftir að mótinu lýkur. Mótshaldari ber ábyrgð á öllum kostnaði í tengslum við framangreint og heldur öllum tekjum vegna sýninga og streymis frá mótinu á meðan á því stendur.

Fyrirkomulag á upptöku og gæðum sjónvarpsefnis skal vera fullnægjandi og skal vera samþykkt af LM ehf í síðasta lagi 1. júní 2028.

5. gr.
Framkvæmda- og rekstraráætlun

Mótshaldari skal kynna LM ehf framkvæmda- og rekstraráætlun vegna landsmóts.

Framkvæmdaáætlun skal liggja fyrir í síðasta lagi 1. júní 2027. Í framkvæmdaáætlun skal koma fram í hvaða framkvæmdir þarf að ráðast til að mótssvæðið beri viðburðinn Landsmót, og tímasetning einstakra framkvæmda.

Rekstraráætlun skal liggja fyrir 1. september 2027 þar sem fram kemur áætlun um fjármögnun mótsins og viljayfirlýsing um stuðning opinberra aðila.

6. gr.
Umsóknir um styrki frá ríki

LH, FHB og LM ehf sjá um, í samráði við mótshaldara, að sækja um styrkveitingu frá ríki. LM ehf. skal bera ábyrgð á að hugað sé að umsóknum með minnst 18 mánaða fyrirvara.

7. gr.
Endurskoðun samnings

Komi til forsendubrests varðandi mótahaldið verður samningurinn tekinn til endurskoðunar.

8. gr.
Einhliða og fyrirvaralaus uppsögn

Mótshaldara er heimilt að segja samningnum upp fyrir 1. desember 2026. Segi mótshaldari samningnum upp eftir þann tíma skal hann greiða til LM ehf. hluta af afgangi skv. 1. gr., kr. 2.000.000-.

CuñA
[Handwritten signatures]
SM

Við eftirtaldar aðstæður er LM ehf heimilt að segja samningnum upp:

- a) Ef mótshaldari hefur ekki uppfyllt skyldur sínar um ástand svæðisins fyrir tilgreind tímamörk samkvæmt framkvæmdaáætlun.
- b) Komi til forsendubrests að mati LM ehf. varðandi mótahaldið eða ef um vanefndir er að ræða af hálfu mótshaldara.
- c) Ef fjárnám verður gert hjá mótshaldara, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi félagsins, það leiti nauðasamninga eða eignir þess eru auglýstar á nauðungaruppboði.

9. gr.

Breytingar á samningnum og tilkynningar milli aðila samningsins

Allar beiðnir um breytingar á samningnum, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.


Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar leita allra leiða til þess að ná sáttum. Ef sættir nást ekki skal leysa málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Samningur þessi er alls 5 blaðsíður, að forsíðu og undirritunarsíðum meðtöldum, og er gerður í tveimur samhljóða frumritum fyrir hvorn aðila.


Sérstök undirritunarsíða fylgir.


Guina
SM

Reykjavík 21. október 2024



F.h. Landsmóts hestamanna ehf.



F.h. Rangárbakka ehf.



F.h. Landsmóts hestamanna ehf.



F.h. Rangárbakka ehf.

Vottar:


Nafn


Kennitala


Nafn


Kennitala

Landsmótsstaðall

1 Inngangur

Mótssvæði Landsmóta skal geta tekið á móti allt að 10.000 gestum. Skal mótssvæðið og aðgengi að því taka mið af þessum fjölda og þeim almennu kröfum sem opinberir aðilar gera til mótahalds af þeirri stærðargráðu. Uppfylla þarf allar kröfur yfirvalda til samkomuhalds.

Öll aðstaða fyrir hross á mótssvæðinu skal uppfylla kröfur um aðbúnað hrossa sem gerðar eru í reglugerð um velferð hrossa 910/2014.

Öll aðstaða fyrir keppnis- og sýningarhross og keppnisvellir skulu vera aðgengileg keppendum eigi síðar en viku fyrir upphaf móts.

Tjaldsvæði skal vera tilbúið og aðgengilegt fyrir keppendur og áhorfendur eigi síðar en viku fyrir upphaf móts.

Mótssvæðið skal vera í samræmi við uppdrátt sem unninn er af viðurkenndum aðila. Á uppdráttinn skal m.a. merkja og afmarka sérstaklega mótssvæðið sem slíkt, akvegi, reiðleiðir, girðingar, upphitunarbrautir, hringvelli, sýningarbraut, neyðarleiðir, dómpall, dómaraaðstöðu, áhorfendasvæði, þ.m.t. svæði fyrir snyrtingar, salernisaðstöðu, þjónustu- og markaðssvæði, bíla-, kerru-, og gámastæði, tjaldsvæði, hjólhýsa- og tjaldvagnaaðstöðu, rafmagnstengla, spennistöðvar, aðstöðu fyrir hestamannafélög og keppendur, skrifstofuaðstöðu, fjölmiðlaaðstöðu, barnagarð, vatnslagnir og rafmagnslagnir.

Lokaúttekt mannvirkjanefndar LH og LM á mótssvæði skal fara fram eigi síðar en 15. júní á mótsári.

Keppnisgreinar og keppnisflokkar

- Gæðingakeppni – allir aldursflokkar
- Skeiðkappreiðar - fullorðinsflokkur
- Töltkeppni – fullorðinsflokkur
- Kynbótadómar- og sýningar
- Sýningar ræktunarbúa sem fara fram skv. reglum FHB varðandi ræktunarbú sem eru í gildi hverju sinni

Viðmiðunarfjöldi þátttakenda

- Fjöldi áhorfenda 10.000
- Fjöldi keppenda og sýnenda 500
- Fjöldi keppnis- og kynbótahrossa 1.000
- Að auki hópreiðarhross og sýningarhross



2 Keppnisvellir og upphitunarsvæði

Allir vellir skulu undirbúnir í samráði við mannvirkjanefnd LH og fulltrúa Félags hrossabænda og teknir út eigi síðar en 15. júní á mótsári. Umsjón valla og kostnaður vegna viðhalds á þeim í aðdraganda landsmóts og á meðan á mótinu stendur skal alfarið vera á höndum mótshaldara.

- Keppnis- og kynbótavellir

- Hringvöllur

Á mótssvæði skal vera gæðingakeppnisvöllur og íþróttakeppnisvöllur. Mál og stærð valla skulu vera samkvæmt gildandi viðmiðunarteikningum. Sjá kafla 17 í reglum um íþróttakeppni og gr. 4.2 í reglum um gæðingakeppni (300 m. hringvöllur með samliggjandi beinni skeiðbraut, sem er a.m.k. 175 m. löng).

- Sýningarbraut fyrir kynbótahross

Mál og stærð kynbótabrautar skal vera samkvæmt stöðlum sem eru í gildi hverju sinni um kynbótabrautir. Skilyrði er að kynbótabraut sem notast er við á landsmótssvæði hafi verið notuð fyrir kynbótasýningar á vorsýningum á landsmótsári.

- Kappreiðabraut

Mál og stærð kappreiðabrautar skal vera samkvæmt gildandi viðmiðunarteikningum. Sjá kafla 17 í reglum um íþróttakeppni. Mæla skal kappreiðabrautir af viðurkenndum aðila.

- Upphitunarsvæði

Tryggja skal öllum keppendum aðgengi að upphitunarsvæði á öllum tímum móts. Skilyrði er að hafa hringvöll sem hluta af upphitunarsvæði auk annarra upphitunarbrauta. Reiðvegi á mótsstað má nýta sem upphitunarsvæði ef þeir eru sérstaklega afmarkaðir sem slíkir og lokaðir annarri umferð á sama tíma.

Gæta skal vel að aðkomu á upphitunarsvæði og tenginga milli upphitunarsvæðis og keppnisvalla. Upphitunarsvæði skal byggt upp með samskonar efni og er í viðkomandi braut eða velli. Tryggja skal að bílaumferð trufli ekki upphitun þannig að hætta geti stafað af.

- Safnhringur (collecting ring)

Safnhringur skal skilmerkilega afmarkaður og staðsettur við keppnisvöll. Safnhringur skal vera með sama undirlagi og keppnisvöllur.

- Um hringvelli, skeiðbraut og kynbótabraut gilda eftirfarandi forsendur:

- Vellirnir skulu vera uppbyggðir með burðargóðu efni og rísa upp úr landinu umhverfis.
- Yfirborðsefni vallanna skal vera vel lagt og þjappað, vera heppilegt til notkunar á keppnisvelli og þola vel bæði þurrt veður og rigningar. Efnið má því ekki verða of hált í bleytu þannig að hætta stafi af og gæta verður að því að bleyta velli í þurru veðri til að koma í veg fyrir að fínefni rjúki úr yfirborði.
- Þverhallar valla skulu taka mið af afrennsli vatns og af beygjum.
- Hæðarlega valla m.t.t. áhorfendastæða skal vera þannig að vel sjáist á þá alla.

Guðrún
Held
SM



- Afmörkun valla skal vera með þeim hætti að ekki stafi hætta af keppni, hvorki keppendum, starfsmönnum, áhorfendum né öðrum. Kappkosta skal að afmörkun byrgi ekki sýn á vellina.
- Aðkoma að völlum skal vera greið og hindrunarlaus frá upphitunarsvæði og skal sérstaklega gæta að greiðri umferð keppenda að og frá velli samtímis. Varðandi aðkomu að upphitunarsvæði og keppnisvöllum skal þess sérstaklega gætt að lágmarka truflun frá allri annarri umferð, s.s. bíla eða gangandi fólks.
- Dagskrá mótsins þarf að gera ráð fyrir reglulegri yfirferð valla á milli atriða.
- Frá stjórnstöðvum og aðstöðu dómara skal vera góð og hindrunarlaus yfirsýn yfir viðkomandi völlum.
- Stjórnstöð skal vera hið minnsta um 15 m² að stærð og lofthæð minnst 2,20 m. Stjórnstöð skal vera upphituð, búin rafmagni, nauðsynlegum tölvu- og húsbúnaði og tengingum til gagnasamskipta. Sérstaklega skal gætt að því að a.m.k. önnur langhlið og báðar skammhliðar stjórnstöðvar séu með stórum gluggum svo hindrunarlaus yfirsýn sé yfir viðkomandi völlum. Sérstaklega skal gætt að hæðarsetningu stjórnstöðvar við völlum. Aðstaða skal vera fyrir dómara til að matast og æskilegt er að salerni sé við stjórnstöð.
- Aðstaða dómara skal vera smáhús. Aðstaða skal vera búin tengingum til gagnasamskipta. Gera skal úttekt á sjónarhorni dómara við hvern völlum og staðsetja dómhúsin í samræmi við niðurstöðu hennar.

3 Auglýsingaskilti og fánar

- Við hönnun auglýsingaskilta skal gæta að eftirfarandi:
 - að þau valdi sem minnstri truflun hesta og knapa
 - að þau skyggi ekki á útsýni úr áhorfendabrekku
 - að þau séu gerð úr efni sem veldur sem minnstri truflun hesta og knapa
- Auglýsingar umhverfis hringvöllum og meðfram skeiðbraut
Auglýsingaskilti skulu staðsett a.m.k. 3 m. frá ytri brún hringvallar og 5 m. frá ytri brún skeiðbrautar. Auglýsingaskiltin skulu ekki vera hærrí en 100cm. frá jörðu.
- Auglýsingar inni í hringvelli
Auglýsingaskilti skulu staðsett a.m.k. 3 m. frá innri brún vallarins. Auglýsingaskiltin skulu ekki vera hærrí en 100cm. frá jörðu eða liggja flöt á jörðunni.
- Fánaborgir
Fánaborgir skulu staðsettar þannig að þær valdi sem minnstri truflun hesta og knapa.

4 Aðstaða fyrir keppnishesta og kynbótahross

- Hesthús
Á mótssvæðinu skal vera aðstaða sem rúmar að lágmarki þann fjölda hrossa sem tekur þátt í dagskrá mótsins á hverjum mótsdegi. Auk þess skal vera aðgengileg aðstaða fyrir öll keppnis- og sýningarhross í nágrenni mótsstaðar.

Amia
Gue M
SM



- Gerði og viðrunaraðstaða
Örugg gerði og viðrunaraðstaða fyrir hross skulu vera á mótssvæðinu. Æskilegt er að beitarhólf séu í boði á eða við mótssvæðið.

5 Aðstaða fyrir áhorfendur, keppendur og starfsfólk

- Áhorfendasvæði
Áhorfendasvæði skulu rúma allt að 10.000 manns.
Gera má ráð fyrir að grasbrekka, ásamt láréttum fleti ofan brekku, þurfi að vera 6-7.000m².
Æskilegur halli brekku er 1:2,5 – 1:3,5.
Lágmarksfjarlægð áhorfenda frá keppnisvelli er 5 metrar.
Tryggja skal áhorfendum greiða leið á milli mismunandi áhorfendasvæða og að aðgengi hreyfihamlaðra sé tryggt. Tryggja skal gott aðgengi fatlaðra að áhorfendasvæðum.
- Veitingaaðstaða
Mótshaldari skal geta séð fyrir veitingum fyrir allt að 10.000 gesti á mótssvæðinu.
Veitingaaðstaðan má vera í tjöldum og tryggja skal sama aðgengi að veitingasvæði og áhorfendasvæðum, skilyrt er að aðstaðan uppfylli allar kröfur yfirvalda um aðbúnað og gæði, brunavarnir og leyfisveitingar, jafnt er varðar meðferð hráefnis, matseld og aðstöðu gesta.
Tryggja þarf að yfirborð í og við veitingaaðstöðu þoli þá umferð sem fylgir í hvernig veðri sem vænta má á landsmóti.
- Þjónustu- og markaðssvæði
Svæðið skal vera snyrtilegt og gera þarf ráð fyrir rúmu gámasvæði nálægt því fyrir þjónustuaðila. Svæðið skal uppfylla reglur heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits.
- Aðstaða fyrir keppendur og starfsfólk
Sérstök veitingaaðstaða skal vera fyrir, mótsstjórn, fjölmiðlafólk, dómara og starfsfólk mótsins. Gott aðgengi að snyrtingu skal vera til staðar fyrir knapa, dómara og starfsfólk móts.
- Leiksvæði
Á mótssvæði skal vera afmarkað, afgirt leiksvæði fyrir börn. Mælst er til að leiksvæði barna opni um leið og formleg keppni hefst. Skipa skal ábyrgðaraðila sem hefur réttindi og reynslu af fyrstu viðbrögðum og vinnu með börnum og ávallt skal vera gæsla á leiksvæðinu.
- Önnur aðstaða:
 - Aðstaða fyrir löggæslu og almenna gæslu.
 - Sjúkraaðstaða fyrir neyðaraðstoð og skyndihjálp
 - Aðstaða skal vera fyrir dýralækni, vel afmörkuð með góðri vinnuaðstöðu
 - Aðstaða skal vera fyrir fjölmiðlafólk

Gu KH
SM



6 Umferð, fjarskipti og hreinlæti

- Lagnir
Rafmagns-, vatns- og frárennislagnir skulu vera skv. kröfum viðkomandi yfirvalda. Vatnsveita skal uppfylla gildandi reglur fyrir neysluvatn. Tryggja skal rafmagn sem fullnægir allri orkupörf á mótssvæðinu og á tjaldsvæði.
- Hreinlætis- og salernisaðstaða
Hreinlætis- og salernismál á mótssvæðinu skulu fullnægja kröfum heilbrigðisyfirvalda með hliðsjón af reglum um útisamkomur og þeim fjölda gesta sem samningur þessi miðast við. Tryggja þarf að mótssvæðið sé snyrtilegt á meðan á móti stendur, m.a. með því að láta tína upp rusl jafn óðum. Sérstaklega skal gæta að sorphirðu, sorpílát skulu vera víða á mótssvæðinu, tryggja þarf reglubundna tæmingu þeirra. Öll mannvirki skulu vera í góðu ástandi og snyrtileg.
- Fjarskipti
Tryggja skal gott fjarskiptasamband á öllu mótssvæðinu. Sérstaklega skal tryggt öruggt samband við lögreglu, heilsugæslu og slökkvilið.
- Upplýsingagjöf
Upplýsingagjöf til mótsgesta og keppenda skal tryggja með eftirfarandi hætti:
 - Við keppnisvöll skal gera ráð fyrir risaskjá þar sem einkunnir eru birtar og myndefni frá keppni
- Bílastæði
Bílastæði skulu vera fyrir þann áætlaða fjölda keppenda, starfsmanna og gesta sem gert er ráð fyrir.

Sérgreina skal stæði a.m.k. í:

- Stæði fyrir áhorfendur, nærri öllum keppnisvöllum.
- Stæði fyrir keppendur, þ.m.t. með hestakerrur.
- Stæði fyrir hestakerrur og flutningabíla.
- Stæði fyrir starfsmenn.
- Stæði fyrir fatlaða.

Sérstaklega skal gæta þess að umferð á milli einstakra hluta mótssvæðis og bílastæða trufli ekki upphitun eða keppni.

Öll stæði skulu tryggilega merkt, aksturleiðir að og frá bílastæðum sem og gönguleiðir að og frá þeim. Fyrirkomulag þeirra skal vera með greinilegum og skýrum hætti þannig að þau nýtist vel og að umferð teppist ekki að óþörfu. Gæta skal sérstaklega að kröfum löggæslu.

- Akvegir og umferðastjórnunaráætlun
Mótshaldari skal láta viðurkenndan aðila, t.d. Vegagerðina, lögreglu eða verkfræðistofu, vinna umferðarstjórnunaráætlun fyrir landsmót. Áætlunin skal fjalla um akandi og gangandi umferð gesta og keppenda, m.t.t. staðsetningar bílastæða, tjaldsvæða, áhorfendasvæða, markaðssvæðis o.þ.h. til og frá mótssvæðinu og innan þess. Áætlunin skal miða að því að

Guðr
Gjörð KH
SM



gestir, starfsmenn, keppendur, hross, þjónustuaðilar og viðbragðsaðilar hafi góðan og greiðan aðgang að mótssvæðinu og umferð innan mótssvæðisins gangi vandræðalaust fyrir sig.

Merkja skal neyðarleiðir fyrir sjúkrabíla og aðra viðbragðsaðila.

Akvegir innan mótssvæðis sem ekki eru lagðir bundnu slitlagi, skulu vera rykbundnir.

- Merkingar

Koma skal fyrir merkingum á mótssvæðinu, þ.m.t. umferðarmerkingum og leiðbeinandi merkjum fyrir gesti, keppendur, þjónustuaðila og aðra.

7 Tjaldsvæði og gisting

- Tjaldsvæði og gistirými

Tjaldsvæði skal vera tilbúið og aðgengilegt fyrir keppendur og áhorfendur minnst einni viku áður en mót hefst.

Gera þarf ráð fyrir eftirfarandi tjaldstæðum hið minnsta:

- Tjaldbúðir hestamannafélaga
- Fjölskyldutjaldstæði, þ.m.t. fyrir húsvagna
- Almenn tjaldstæði

Öll tjaldsvæði skulu vel merkt. Á þeim skal vera rennandi drykkjarvatn úr krönum, vaskar og vaskaborð og salerni. Æskilegt er að baðaðstaða sé á tjaldsvæðum.

Þjóða skal upp á rafmagnstengla fyrir húsvagna.

Framboð á gistirými sé nægjanlegt fyrir mótsgesti í nágrenni mótssvæðis.

Gudni Halldórsson
~~Kristján Ásbjörnsson~~

Kristján Ásbjörnsson

Söley Magnúsdóttir

G